


SÝNINGAR

Listasafn Íslands. Sýningu Jóns Engilberts lýkur á sunnudagskvöld og er hún opin á föstudag kl. 1.30–6, en laugardag og sunnudag frá kl. 1.30–10. Bogasalurinn. Batik-sýning Katrínar Agústs dóttur verður opin frá kl. 2–10 til 23. nóvember. Norræna húsið. Félag íslenskra myndlistarmanna heldur haustsýningu sína.

Kjarvalsstaðir. Gutenbergsýningin stendur til 27. nóv. og er opin frá kl. 4–10 og sýningin á verkum Kjarvals stendur enn og er opin á sama tíma. Ásgrímssafn. Haustsýning á vatnslitamyndum Ásgríms. Safnið er opið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga frá kl. 1.30–4. Festi, Grindavík. Tarnús sýnir málverk og er sýningin opin kl. 2–8 daglega. Bergstaðastræti 15. Grafíkmyndir Rudols Weissauers.

Fiskur á Steini í Grindavík

Tarnús (Grétar Magnús Guðmundsson) opnar



nú aðra einkasýningu sína í Festi í Grindavík. Þar sýnir hann 20 olíumálverk, allt nýjar myndir utan fjórar, sem voru á sýningu hans á Kjarvalsstöðum í sumar. Tarnús lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum 1971. Hann tók þátt í haustsýningu FIM 1974 og hélt sína fyrstu einkasýningu að Kjarvalsstöðum í sumar.

Tarnús er ekki aðeins þekktur sem málari, heldur á tónlist líka sterk ítök í honum.

Til gamans má geta að hann var meðlimur Compó Þórðar Hall á námsárunum og hefur hann komið víðar við á því sviði. Sýningin í Festi verður opin frá kl. 2–8 daglega til 23. nóvember.

Myndin er af Tarnús með málverkasýningu í Festi.

HAUSTSÝNING FÍM VERÐUR OPNUÐ Á LAUGARDAGINN Í NORRÆNA HÚSINU




Listamenn við uppsetningu sýningarinnar. Fremst á myndinni er listaverkið tvö börn eftir Þorbjörgu Pálsdóttur.

Félag íslenskra myndlistarmanna efnir til haustsýningar að venju, en hefur tekið upp þá nýbreytni að kynna list sína á ýmsum vinnustöðum borgarinnar og væntir þess að það stuðli að nánara sambandi við listunnendur á þeim stöðum,

sem sýningar eru. Í hverju fyrirtæki sýna 1–4 listamenn, teikningar, grafík, málverk, vefnað eða skúlptúr. Starfsfólki fyrirtækjanna er boðið á haustsýninguna í Norræna húsinu, sem opnuð verður kl. 15 á laugardaginn. Þar verða

sýnd alls 96 verk eftir 50 höfunda, þar af 29 félagsmenn og 21 utanfélagsmenn. 10 þeirra sýna nú í fyrsta sinn með félaginu. Á sýningunni eru teikningar, grafík, collage, vatnslitamyndir, olíumálverk, vefnaður og skúlptúr.



Grafíksýning Weissauers

Í Innrömmun Guðmundar Árnasonar, Bergstaðastræti 15 heldur Rudolf Weissauer óformlega sýningu á verkum sínum, aðallega grafíkmyndum. Rudolf er staddur hérlendis vegna kennslustarfa við Myndlista- og handíðaskólan og ætti það að verða nemendum hans mikil lyftistöng.

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar m.a. um Weissauer:

„Verk hans eru ljóðrænar minningar um landslag eða lífræn form í dökkum litatönnum, teikning hans er snarleg og örugg og ofan á hana breiðir Weissauer tærar litslæður til að fylla upp í formin, eða þá tjá

„sérstök“ persónuleg hughrif eða andrúmsloft í samspili við þau.“

Batik myndlistarsýning

Rúmlega 30 batikmyndir eru á sýningu Katrínar H. Agústs dóttur, sem opnuð verður á laugardaginn í Bogasalnum. Þetta er fjórða einkasýning Katrínar en hún hefur líka tekið þátt í samsýningum t.d. Kvennasýningu í Norræna húsinu sl. vor.

Við ræddum stuttlega við Katrínu þegar hún var að ljúka við uppsetningu sýningarinnar. „Þessar myndir eru aðallega unnar á síðasta einu og hálfa ári. Eg hef fengist mest við þjóðlífs og þjóðsögumyndir, en er að reyna að brjóta það af mér og færa mig nær nútímanum. Eg reyni að túlka nútíma umhverfi og verðmætamat okk-


ar. Breiðholtshverfið kemur víða fram með allar sínar nýbyggingar og bílastraum. Stórvirkar vinnuvélar og rafmagnsmöstur lýsa vel virkjunarframkvæmdum okkar og gætu þessar myndir verið frá Sigöldu eða Búrfellsvirkjun. Stærsta myndin á sýningunni er lýsandi dæmi um hvað billinn er orðinn mikill þáttur í daglegu lífi. Áhrif kvennaársins koma fram í nokkrum myndum.

Staða konunnar í þjóðfélaginu er ofarlega í huganum og finnst mér konan eigi ekki að fjarlægjast um of heimilið og uppeldi barnanna.“

Katrín stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólan,

handavinnudeild Kennaraskólans og Myndlistarskólann. Að loknu námi hér heima hélt hún til Danmerkur og vann á verkstæði Helge Foght og Lis Stoltzenberg. Katrín hefur verkstæði

ásamt manni sínum og vinna þau muni fyrir Heimilisiðnaðinn, Rammagerðina og Kúngund. Sýningin í Bogasalnum verður opin til 23. nóv. frá kl. 2–10 daglega.



Katrín Arnadóttir við myndina Gæðingar.